



Ágætu ferðapjónustuaðilar!

Til að tryggja öryggi viljum við láta vita af götulokunum á Menningarnótt 2018, hægt er að finna kort af hátíðarsvæði bæði á ensku og íslensku á heimasíðu hátíðarinnar.

Til að tryggja öryggi gesta okkar er miðborgin lokað fyrir akandi umferð frá kl. 07.00 að morgni laugardagsins 18. ágúst og fram yfir flugeldasýningu. Ráðgert er að miðborgin verði greiðfær á ný fjótlega eftir miðnætti.

Í samráði við Samtök ferðapjónustuaðila, höfum við skapað aðstöðu fyrir rútur á Menningarnótt, við **Túngötu, Hallgrímskirkju** og **Skúlagötu**. Stæðin eru ekki ætluð til þess að leggja í heldur einungis til þess að taka á móti og skila af sér farþegum. Sjá nánar á korti.

- **Túngata fyrir neðan Landakotskirkju:** Aðstaða fyrir minni rútubíla. Aðgengi við gatnamót Túngötu og Ægisgötu. Útakstur er við Túngötu og Garðastræti og um Suðurgötu.
- **Bílastæði við Hallgrímskirkju, Eiríksötumegin:** Aðstaða fyrir minni og stærri rútubíla. Aðgengi við gatnamót Eiríksgötu og Snorrabrautar (gegnum hlið að Landsspítala). Útakstur niður Njarðargötuna og út á Hringbraut.
- **Skúlagatan (vestan Olís):** aðstaða fyrir stærri rútubíla. Aðgengi við gatnamót Snorrabrautar og Hverfisgötu. Útakstur er sama leið tilbaka

Athugið, aðeins bílar vel merktir löggildu ferðapjónustu fyrirtæki mega nýta sér þessa þjónustu sem tilgreind er hér að ofan.

Skipuleggjendur Menningarnætur og lögregla höfuðborgarsvæðisins biðla til ferðapjónustuaðila að virða götuloknir og aka ekki um hátíðarsvæði Menningarnætur enda skapar það mikla hættu í því mannhafi sem finna má í miðborginni þennan dag.

Gott og gagnlegt er ef þú, viðtakandi þessa bréfs, aðstoði okkur að koma dreifa þessum upplýsingum sem víðast. Gleðilega hátíð!

Verkefnastjórn Menningarnætur